

# Skólaráð Naustaskóla

4. fundur ársins 2010 þann 9. apríl kl. 8:10

## Mættir:

Skólastjóri: Ágúst Jakobsson

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Jón Stefán Baldursson, Björk Guðmundsdóttir, Sara Stefánsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Hjördís Óladóttir, Gyða Björk Aradóttir

## Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Skóladagatal 2010-2011.** Skóladagatalið tekið fyrir og afgreitt án athugasemda. Verður sent skólanefnd til formlegrar afgreiðslu þar.
2. **Könnun meðal foreldra.** Ætlunin er gera rafræna könnun meðal foreldra á næstu dögum þar sem spurt verður um ýmsa þætti varðandi skólastarfið. Skólastjóri hafði fyrir fundinn sent drög að spurningalista til fulltrúa í ráðinu. Rætt um spurningarnar og nokkrar breytingar gerðar, skólastjóri lýkur gerð listans og sér um framkvæmd könnunarinnar.
3. **Vorhátíð í vor.** Rætt um tímasetningu á vorhátíð skólans í vor, vegna þess að áætlaðan vorhátíðardag ber upp á kjördag sveitarstjórnarkosninga. Ákveðið að vorhátíð verði haldin fimmtudaginn 3. júní, daginn fyrir skólaslit. Leitað verður eftir fulltrúum frá Foreldrafélagi og hverfisnefnd til samráðs við undirbúning hátíðarinnar.
4. **Útlit og horfur.** Umræður um skólastarfið almennt. Skólastjóri kynnti stöðu mála almennt á fundi skólanefndar fyrir páska, þeim minnispunktum sem þar komu fram var dreift til fulltrúa í skólaráði.
5. **Önnur mál.**
  - a. **Spurningar til frambjóðenda vegna uppbyggingar skólamannvirkja í Naustahverfi.** Fram kom að hverfisnefnd hefur sent út spurningar til frambjóðenda þar sem óskað er svara um ýmis atriði sem varða uppbyggingu í hverfinu þ.á.m. varðandi skólamál. Fyrirhugað er boða fund íbúa Naustahverfis með frambjóðendum í byrjun maí.
  - b. **Notkun á mentor.is** Sara spurðist fyrir um notkun á mentorvefnum og hvort ekki væri tilefni til að nota þetta tæki meira. Þeim athugasemdum verður velt inn í starfsmannahópinn en einnig er unnið að því að taka mentor í notkun í auknum mæli varðandi markmiðssetningu fyrir nemendur og eftirfylgni í náminu.
  - c. **Notkun á sparkvelli skólans utan skólatíma.** Ábending um að það tíðkast að fullorðnir eða hálffullorðnir aðilar ryðji börnum og unglingum út af vellinum síðdegis og á kvöldin. Jafnvel dæmi um að íþróttafélög fullorðinna séu farin að skipuleggja æfingar á vellinum. Skólastjóri mun athuga þetta mál.
  - d. **Bílastæði við sparkvöll – götustubbur við leikskóla.** Bent á að þörf sé á að loka götustubb sem liggur við sparkvöll. Vísað til hverfisnefndar til meðferðar.
  - e. **Skíða- og skautakennsla.** Rætt um möguleika á að koma á fastri skíða- og/eða skautakennslu við skólann þar sem ekki er um að ræða aðgang að íþróttahúsi. Tekið fyrir aftur síðar.
  - f. **Nýting vistunartíma til hreyfingar,** sbr. tilraun með “Fjölgreinafjör” á sínum tíma. Almennar umræður um málefnið, hugmyndir um eins konar íþróttaskóla í Frístundatímanum skjóta upp kollinum öðru hvoru en þarna strandar líklega á kostnaði.

Næsti fundur skólaráðs verður boðaður þegar tillögur um næstu starfsmannaráðningar liggja fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 9:15

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð